

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

#### *Breyting á deiliskipulagi Undirhlíðar 1-3.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samþykkti þann 7. júní 2011 í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 deiliskipulagsbreytingu fyrir Undirhlíð 1-3.

Breytingin felur í sér að kvöð um aldur eigenda í húsagerð F1 lækki úr 55 í 50 ára.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi Sómatúns 4.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samþykkti þann 7. júní 2011 í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 deiliskipulagsbreytingu fyrir Sómatún 4.

Breytingin felur í sér stækkun lóðanna nr. 2 og 4 við Sómatún og göngustíg.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi Grímseyjargötu 1.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar samþykkti þann 7. júní 2011 í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 deiliskipulagsbreytingu fyrir Grímseyjargötu 1.

Breytingin felur í sér breytingu á nýtingarhlutfalli lóðarinnar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 8. júní 2011,*

**Arnar Birgir Ólafsson**, verkefnastjóri skipulagsmála.